

## TILSKIPUN RÁÐSINS (ESB) 2017/159

2021/EES/49/26

frá 19. desember 2016

**um framkvæmd samningsins um framkvæmd samþykktar Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um vinnu við fiskveiðar, 2007, sem gerður var 21. maí 2012 milli Samtaka samvinnufélaga í landbúnaði í Evrópusambandinu (Cogeca), Sambands félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) og Bandalags landssamtaka fiskveiðifyrirtækja í Evrópusambandinu (Europêche) (\*)**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 155. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðilar vinnumarkaðarins geta, í samræmi við 2. mgr. 155. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, farið sameiginlega fram á það að samningum, sem þeir gera á vettvangi Sambandsins, sé komið til framkvæmda með ákvörðun ráðsins, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.
- 2) Þann 14. júní 2007 samþykkti Alþjóðavinnuálagstofnunin samþykkt um vinnu við fiskveiðar, 2007 („samþykktina“). Samþykktin er viðleitni til að búa til einn samhæfðan gerning til fyllingar alþjóðlegum stöðlum um lífsskjör og vinnuskilyrði í þessum geira, sem felur í sér í sér endurskoðaðar og uppfærðar kröfur gildandi alþjóðlegra samþykta og tilmæla sem gilda um fiskimenn ásamt þeim grundvallarreglum sem er að finna í öðrum alþjóðlegum vinnumála-samþykktum.
- 3) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við aðila vinnumarkaðarins, í samræmi við 2. mgr. 154. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, um hvort stuðla bæri að beitingu ákvæða samþykktarinnar innan Sambandsins.
- 4) Þann 21. maí 2012 gerðu Samtök samvinnufélaga í landbúnaði í Evrópusambandinu (Cogeca), Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) og Bandalag landssamtaka fiskveiðifyrirtækja í Evrópusambandinu (Europêche), sem óskuðu þess að taka fyrsta skrefið í þá átt að kerfisbinda réttarreglur Sambandsins á sviði félagsmála innan geira fiskveiða á sjó og stuðla að því að skapa jöfn samkeppnisskilyrði innan þess geira í Sambandinu, með sér samning um framkvæmd samþykktarinnar („samninginn“).
- 5) Þann 10. maí 2013 fóru þessi samtök fram á það við framkvæmdastjórnina að hún kæmi samningnum til framkvæmda með ákvörðun ráðsins, í samræmi við 2. mgr. 155. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.
- 6) Að því er varðar 288. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er tilskipun viðeigandi gerningur til að hrinda samningnum í framkvæmd.
- 7) Framkvæmdastjórnin hefur samið drög að tilskipun í samræmi við orðsendingu sína frá 20. maí 1998 um aðlögun og kynningu skoðanaskipta milli aðila vinnumarkaðarins í Bandalaginu, að teknu tilliti til stöðu undirritunaraðila og lögmætis hvers ákvæðis samningsins.
- 8) Tilskipun þessi ætti að gilda með fyrirvara um gildandi ákvæði Sambandsins sem eru sértækari eða sem veita öllum fiskimönnum meiri vernd.
- 9) Ekki ætti að nota þessa tilskipun til að réttlæta skerðingu á almennri vinnuvernd starfsmanna á þeim sviðum sem samningurinn nær til.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 25, 31.1.2017, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2021 frá 11. Júní 2021 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

- 10) Í þessari tilskipun og í samningnum sem fylgir í viðauka við hana er mælt fyrir um lágmarksviðmiðanir; aðildarríkin og aðilar vinnumarkaðarins geta viðhaldið eða tekið upp hagstæðari ákvæði.
- 11) Með fyrirvara um ákvæði samningsins um eftirfylgni og endurskoðun af hálfu aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins ætti framkvæmdastjórnin að hafa eftirlit með framkvæmd þessarar tilskipunar og samningsins og láta fara fram mat.
- 12) Aðilar vinnumarkaðarins vænta þess að landsráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun taki ekki gildi fyrir gildistökudag samþykktarinnar. Tilskipun þessi ætti því að öðlast gildi á sama degi og samþykktin.
- 13) Samningurinn gildir um fiskimenn sem gegna hvers konar störfum samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi um borð í fiskiskipum sem stunda fiskveiðar á sjó og sigla undir fána aðildarríkis eða eru skráð innan óskoraðrar lögsögu aðildarríkis.
- 14) Í þágu öryggis á vinnustað og heilbrigðis fiskimanna sem gegna hvers konar störfum samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi getur samningurinn einnig gilt um alla aðra fiskimenn um borð í sama fiskiskipi.
- 15) Að því er varðar hugtök, sem notuð eru í samningnum og eru ekki sérstaklega skilgreind þar, geta aðildarríkin skilgreint þessi hugtök í samræmi við landslög og venjur eins og venjan er í öðrum tilskipunum um félagsmálastefnu þar sem svipuð hugtök eru notuð, að því tilskildu að skilgreiningarnar séu í samræmi við inntak samningsins.
- 16) Í tilskipun þessari og samningnum sem fylgir með í viðauka við hana ætti að taka tillit til ákvæða um stjórnun á veiðigetun í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1380/2013 <sup>(1)</sup>.
- 17) Aðildarríkin geta falið aðilum vinnumarkaðarins að koma þessari tilskipun til framkvæmda, hafi þeir farið sameiginlega fram á það, svo fremi að þau geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að þau geti ætíð tryggt að þeim árangri, sem þessi tilskipun kveður á um, verði náð.
- 18) Framkvæmdastjórnin hefur upplýst Evrópuþingið, í samræmi við 2. mgr. 155. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, með því að senda því tillögu sína að tilskipun sem inniheldur samninginn.
- 19) Í þessari tilskipun eru virt þau grundvallarréttindi og þær meginreglur sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum 20., 31. og 32. gr.
- 20) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að bæta lífskjör og vinnuskilyrði og vernda heilbrigði og öryggi starfsmanna innan geira fiskveiða á sjó, sem er geiri sem nær yfir landamæri þar sem starfað er undir fána mismunandi aðildarríkja, og þeim verður frekar náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.
- 21) Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd Evrópudómstólsins <sup>(2)</sup>, getur það, að starfsemi, sem um getur í tilskipun, sé ekki enn fyrir hendi í aðildarríki, ekki leyst það aðildarríki undan þeirri skyldu að samþykkja lög eða reglugerðir til að tryggja að öll ákvæði tilskipunarinnar séu lögleidd á tilhlýðilegan hátt. Bæði meginreglan um réttarvissu og þörfin á að tryggja fulla framkvæmd tilskipana bæði að lögum og í reynd krefjast þess að öll aðildarríkin taki upp reglur tilskipunarinnar sem um ræðir í skýran, nákvæman og gagnsæjan ramma skyldubundinna lagaákvæða. Slík skylda hvílir á aðildarríkjnum til að gera kleift að sjá fyrir breytingar á aðstæðum sem þar ríkja á ákveðnum tíma og til að

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1380/2013 frá 11. desember 2013 um sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna, um breytingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1954/2003 og (EB) nr. 1224/2009 og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 2371/2002 og (EB) nr. 639/2004 og ákvörðun ráðsins 2004/585/EB (Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 22).

<sup>(2)</sup> Sjá m.a. dóm Evrópudómstólsins frá 14. janúar 2010 í máli framkvæmdastjórnarinnar gegn Lýðveldinu Tékklandi, C-343/08, ECLI:EU:C:2013:423.

tryggja að allir lögaðilar í Bandalaginu, einnig í aðildarríkjum þar sem tiltekin starfsemi sem um getur í tilskipun er ekki fyrir hendi, geti vitað undir öllum kringumstæðum glöggt og nákvæmlega hver réttindi þeirra og skyldur eru. Samkvæmt dómaframkvæmd er slík lögleiðing tilskipunar ekki skyldubundin í því eina tilviki þegar hún þjónar engum tilgangi af landfræðilegum ástæðum. Í slíkum tilvikum ættu aðildarríki að tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

- 22) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl<sup>(1)</sup>, hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl, sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga, fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Þessi tilskipun kemur til framkvæmda samningnum um framkvæmd samþykktar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um vinnu við fiskveiðar, 2007, sem gerður var 21. maí 2012 milli aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins innan geira fiskveiða á sjó, þ.e.a.s. Samtaka samvinnufélaga í landbúnaði í Evrópusambandinu (Cogeca), Sambands félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) og Bandalags landssamtaka fiskveiðifyrirtækja í Evrópusambandinu (Europêche).

Texti samningsins er settur fram í viðauka við tilskipun þessa.

##### 2. gr.

1. Aðildarríkin mega viðhalda eða taka upp hagstæðari ákvæði fyrir starfsmenn innan geira fiskveiða á sjó en þau sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
2. Framkvæmd þessarar tilskipunar skal ekki undir neinum kringumstæðum fela í sér nægilegar ástæður til að réttlæta skerðingu á almennri vinnuvernd starfsmanna á þeim sviðum sem þessi tilskipun tekur til. Þetta skal þó ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkjana og aðila vinnumarkaðarins til að samþykkja, með tilliti til breyttra aðstæðna, önnur lög og reglugerðir eða önnur samningsákvæði en þau sem gilda við samþykkt þessarar tilskipunar, að því tilskildu að þeim lágmarkskröfum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, sé ætíð fullnægt.
3. Beiting og túlkun þessarar tilskipunar hefur ekki áhrif á ákvæði, venjur eða hefðir Sambandsins eða einstakra aðildarríkja, sem fela í sér hagstæðari skilyrði fyrir hlutaðeigandi starfsmenn.

##### 3. gr.

Aðildarríkin skulu ákvarða viðurlög sem beita má ef brotið er gegn ákvæðum landslaga sem sett eru samkvæmt þessari tilskipun. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif.

##### 4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. nóvember 2019. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*5. gr.*

Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við aðildarríkin og aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins, leggja skýrslu fyrir ráðið um framkvæmd, beitingu og mat á þessari tilskipun eigi síðar en 15. nóvember 2022.

*6. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á gildistökudegi samþykktar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um vinnu við fiskveiðar, 2007.

Framkvæmdastjórnin skal birta gildistökudag samþykktarinnar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*7. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. desember 2016.

*Fyrir hönd ráðsins,*

L. SÓLYMOS

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

**Samningur um framkvæmd samþykktar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um vinnu við fiskveiðar, 2007**

AÐILAR VINNUMARKAÐARINS („AÐILAR VINNUMARKAÐARINS Á VETTVANGI ESB“) INNAN GEIRA FISKVEIÐA Á SJÓ,

- 1) Samtök samvinnufélaga í landbúnaði í Evrópusambandinu (Cogeca),
- 2) Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) og
- 3) Bandalag landssamtaka fiskveiðifyrirtækja í Evrópusambandinu (Europêche),

með hliðsjón af:

- 1) sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 153.-155. gr.,
- 2) samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um vinnu við fiskveiðar, 2007 („samþykkt nr. 188“ eða „samþykktin“),
- 3) tilmælum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um vinnu við fiskveiðar, 2007 („tilmæli nr. 199“),
- 4) tilmælum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um ráðningarsamband, 2006 („tilmæli nr. 198“),
- 5) leiðbeiningum fyrir hafnarrikiseftirlitsmenn sem sinna eftirliti samkvæmt samþykktinni um vinnu við fiskveiðar, 2007 (nr. 188), sem stjórn Alþjóðavinnuálastofnunarinnar samþykkti á 309. fundi sínum 13.–19. nóvember 2010 („leiðbeiningar um hafnarrikiseftirlit“),
- 6) ákvörðun ráðsins 2010/321/ESB frá 7. júní 2010 um heimild aðildarríkja til að fullgilda, í þágu Evrópusambandsins, samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um vinnu við fiskveiðar, 2007 (samþykkt nr. 188),
- 7) orðsendingu COM(2011) 306 lokaútg., dags. 31. maí 2011, frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar: Endurskoðun á beitingu ákvæða tilskipunar 2003/88/EB með tilliti til starfsmanna um borð á sjófiskiskipum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) *Samþykktin um vinnu við fiskveiðar, 2007* (samþykkt nr. 188) var samþykkt á 96. fundi Allsherjarþings Alþjóðavinnuálastofnunarinnar þann 14. júní 2007.
- 2) Samþykkt nr. 188 var samþykkt með 437 atkvæðum en 2 greiddu atkvæði gegn henni og 22 sátu hjá. Allir viðstaddir ríkisstjórnarfulltrúar (53 atkvæði), allir viðstaddir fulltrúar launþega (25 atkvæði) og allir viðstaddir fulltrúar vinnuveitenda (22 atkvæði) í hinum 27 aðildarríkjum Evrópusambandsins („aðildarríkjunum“) greiddu atkvæði með því að samþykktin yrði samþykkt.
- 3) Alþjóðavæðing hefur mikil áhrif á fiskveiðigeirann og stuðla þarf að réttindum fiskimanna og vernda þau.
- 4) Alþjóðavinnuálastofnunin telur að fiskveiðar séu hættuleg starfsgrein í samanburði við aðrar starfsgreinar.
- 5) Markmið samþykktar nr. 188 er að tryggja að fiskimenn búi við mannsæmandi vinnuskilyrði um borð í fiskiskipum með tilliti til lágmarkskrafna um vinnu um borð, vinnuskilyrði, vistarverur og fæði, öryggi á vinnustað og heilsuvernd, læknishjálp og tryggingavernd.
- 6) Samþykkt nr. 188 krefst þess af aðilum að Alþjóðavinnuálastofnuninni að þeir haldi, í samræmi við landslög eða reglugerðir, uppi lögsögu og eftirliti með fiskiskipum sem sigla undir fána þeirra, með því að koma á kerfi til að tryggja að kröfur samþykktarinnar séu uppfylltar.

- 7) Í 2. mgr. 155. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er kveðið á um að samningum, sem gerðir eru á vettvangi Evrópusambandsins („ESB“), megi koma til framkvæmda, á grundvelli sameiginlegrar óskar aðila vinnumarkaðarins á vettvangi ESB, með ákvörðun ráðsins að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Í ljósi þessa hafa aðilar vinnumarkaðarins ákveðið að ganga til samningaviðræðna um gerð samnings, innan marka 153. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, til framkvæmdar á tilteknum hlutum samþykktar nr. 188.
- 8) Aðilar vinnumarkaðarins á vettvangi ESB telja þetta framtak afar mikilvægt í því skyni að hvetja aðildarríkin til að fullgilda samþykktina til þess að ná fram jöfnum samkeppnis-kilyrðum innan ESB og annars staðar í heiminum varðandi málefni sem tengjast vinnuskilyrðum og lífskjörum fiskimanna um borð í fiskiskipum.
- 9) Aðilar vinnumarkaðarins á vettvangi ESB telja samning vera fyrsta skrefið í þá átt að stuðla að kerfisbindingu réttarreglna á sviði félagsmála innan geira fiskveiða á sjó.
- 10) Tilteknir þættir sem varða skipulag vinnutíma starfsmanna um borð í sjófiskiskipum heyra nú undir ákvæði 21. gr. tilskipunar 2003/88/EB. Þó að 13. og 14. gr. samþykktar nr. 188 veiti fiskimönnum, á heildina litið, minni vernd en tilskipunin gerir, veita þó sum ákvæða 14. gr. samþykktarinnar meiri vernd. Af þessari ástæðu hafa aðilar vinnumarkaðarins á vettvangi ESB komist að samkomulagi um að steypa saman þeim ákvæðum sem um ræðir. Niðurstaðan er meiri heildarvernd. Ákvæðin sem um ræðir eru: samráð af hálfu lögbærs yfirvalds landsbundinna aðila vinnumarkaðarins á vettvangi ESB áður en komið er á lágmarksvernd, viðbótarmarkmið um að koma í veg fyrir ofþreytu, uppbótarhvíld þegar heimilaðar eru undantekningar frá lágmarkshvöldartíma eða hámarksfjölda vinnustunda, og bætt vernd eftir að neyðarástand hefur komið upp.
- 11) Með hliðsjón af sérstökum eiginleikum vinnu um borð í fiskiskipi, s.s. landfræðilegri einangrun, ofþreytu og eðli, aðallega líkamlegu, vinnunnar sem unnin er ættu ákvæði samþykktar nr. 188 um gæði læknishjálpar, vistarverur, fæði, lífsskilyrði, bætur í tilviki hættu eða sjúkdóma og um félagslega vernd að teljast falla innan gildissviðs öryggis og heilbrigðis fiskimanna á vinnustað.
- 12) Samþykkt nr. 188 gildir um alla fiskimenn, sem skilgreindir eru í e-lið 1. gr. hennar sem „hver sá einstaklingur sem er ráðinn til hvers konar starfa eða starfar um borð í hvers kyns fiskiskipi, þ.m.t. einstaklingar sem starfa um borð og fá greitt miðað við aflahlut, en að undanskildum hafnsögumönnum, starfsmönnum sjóherja, öðrum einstaklingum í fastri þjónustu ríkisstjórnar, einstaklingum í landi sem inna af hendi störf um borð í fiskiskipi og veiðieftirlitsmönnum“. Vegna takmarkana, sem settar eru fram í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, hafa aðilar vinnumarkaðarins á vettvangi ESB ekki vald til að samþykkja texta, sem koma á til framkvæmda með ákvörðun ráðsins, sem hafa áhrif á fiskimenn sem hvorki vinna samkvæmt ráðningarsamningi né eru í ráðningarsambandi. Ef aðrar eða engar viðmiðanir gilda um þá fiskimenn, meðan þeir eru á sama skipi og fiskimenn sem vinna samkvæmt ráðningarsamningi eða í ráðningarsambandi, getur það haft áhrif á heildaröryggi og -heilbrigði á vinnustað, þ.m.t. lífskjör og vinnuskilyrði, hinna síðarnefndu. Til að vernda fiskimenn sem vinna samkvæmt ráðningarsamningi eða í ráðningarsambandi, telja aðilar vinnumarkaðarins á vettvangi ESB það því réttlætjanlegt að þessi samningur skuli ekki aðeins gilda um fiskimenn, sem vinna samkvæmt ráðningarsamningi eða í ráðningarsambandi, heldur einnig alla aðra fiskimenn sem eru á sama skipi.
- 13) Viðeigandi gerningur til framkvæmdar þessum samningi er tilskipun, í skilningi 288. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem bindur aðildarríkin að því er varðar þá niðurstöðu sem á að nást en gefur landsyfirvöldum frjálsar hendur varðandi útfærslu og aðferðir,

sem hvetja aðildarríkin til þess að:

- 1) fullgilda samþykkt nr. 188, að teknu tilliti til einróma samþykkis aðildarríkjanna þegar samþykktin var samþykkt og vegna hins mikilvæga misræmis sem er á milli gildissviðs samþykktarinnar og þeirra sviða sem hún nær yfir annars vegar og þessa samnings hins vegar,
- 2) þróa samræmt, gilt skjal, eins um getur í 41. gr. samþykktar nr. 188, sem skal innleitt í öllu Evrópusambandinu,
- 3) þróa samræmda stefnu um hafnarríkiseftirlit með fiskiskipum sem heyra undir samþykkt nr. 188, sem koma skal til framkvæmda í öllu Evrópusambandinu, á grundvelli leiðbeininganna um hafnarríkiseftirlit,

og óska sameiginlega eftir því:

að þessi samningur komi til framkvæmda með ákvörðun ráðsins,

HAFAR ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI:

1. HLUTI

**SKILGREININGAR OG GILDISSVIÐ**

SKILGREININGAR

*1. gr.*

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) *fiskveiðar*: veiði, eða veiði og vinnsla, á fiski eða öðrum lifandi auðlindum sjávar,
- b) *fiskveiðar í atvinnuskyni*: allar fiskveiðar að undanskildum fiskveiðum til lífsviðurværis og tómsfundafiskveiðum,
- c) *lögbært yfirvald*: ráðherra, ráðuneyti eða annað yfirvald, tilnefnt af aðildarríki, sem hefur vald til að gefa út og framfylgja reglugerðum, tilkynningum eða öðrum fyrirmælum sem hafa lagagildi hvað varðar viðfangsefni ákvæðanna sem um ræðir,
- d) *samráð*: samráð lögbæra yfirvaldsins við heildarsamtök atvinnurekenda og launamanna sem í hlut eiga og einkum heildarsamtök útgerðarmanna fiskiskipa og fiskimanna ef þau eru fyrir hendi,
- e) *eigandi fiskiskips* eða *eigandi*: fiskiskipaeigandi eða hvert það félag eða einstaklingur, t.d. framkvæmdastjóri, umboðsmaður eða leigutaki þurrleiguskipa (skipa án áhafna), sem hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skipsins úr höndum eiganda, og sem hefur með því að takast þessa ábyrgð á hendur gengist við öllum skyldum og þeirri ábyrgð sem eru lagðar á eigendur fiskiskipa í samræmi við þennan samning burtséð frá því hvort einhver önnur félög eða einstaklingar uppfylli tilteknar skyldur eða ábyrgð fyrir hönd eiganda fiskiskipsins,
- f) *fiskimaður*: hver sá einstaklingur sem er ráðinn til hvers konar starfa eða starfar um borð í hvers kyns fiskiskipi, samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 2. gr., en að undanskildum hafnsögumönnum og starfsmönnum í landi sem inna af hendi störf um borð í fiskiskipi sem liggur við hafnarbakka,
- g) *samningur um starf fiskimanns*: starfssamningur, verksamningur eða svipað fyrirkomulag, eða hvers kyns annar samningur sem fjallar um aðbúnað og vinnuskilyrði fiskimanna um borð í fiskiskipi,
- h) *fiskiskip eða skip*: hvert það skip eða bátur, sem siglir undir fána aðildarríkis eða er skráð innan óskoraðrar lögsögu aðildarríkis, af hvaða tegund sem er, óháð formi eignarhalds, sem er notað eða fyrirhugað er að nota til fiskveiða í atvinnuskyni,
- i) *lengd (L)*: 96% af mestu lengd í vatnslínu við 85% af minnstu mótuðu dýpt, mældri frá kjöllínu (spónfarslínu), eða sem lengdin frá fremri brún á stefni í miðju stýrisáss í sömu vatnslínu, ef þessi lengd er lengri; í skipum hönnuðum með kjalarhalla skal vatnslínan, sem lengdin er mæld á, vera samsíða hönnunarvatnslínunni,
- j) *lóðlínulengd (LBP)*: fjarlægðin milli fremri og aftari lóðlínu; fremri lóðlína skal samsvara fremri brún á stefni í vatnslínu þar sem lengd (L) er mæld; aftari lóðlína skal samsvara miðju stýrisáss í sömu vatnslínu,
- k) *skipstjóri*: sá fiskimaður sem fer með æðsta vald á fiskiskipi,
- l) *skráningar- og ráðningarþjónusta*: hver einstaklingur, félag, stofnun, umboðsskrifstofa eða önnur samtök í opinberum rekstri eða einkarekstri sem starfar við að skrá fiskimenn fyrir hönd eigenda eða ráða fiskimenn í störf hjá eigendum fiskiskipa,
- m) *einkarekin ráðningarstofa*: hver einstaklingur, félag, stofnun, umboðsskrifstofa eða önnur samtök í einkarekstri sem starfa við að ráða eða fá til starfa fiskimenn til að þeir séu til reiðu fyrir eigendur fiskiskipa sem fel þeim verkefni og hafa eftirlit með framkvæmd þessara verkefna.

## GILDISSVIÐ

## 2. gr.

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum samningi tekur hann til:
  - a) allra fiskimanna sem gegna hvers konar störfum samkvæmt ráðningarsamningi eða í ráðningarsambandi á öllum fiskiskípum sem stunda fiskveiðar í atvinnuskyni,
  - b) allra annarra fiskimanna sem eru um borð í sama skipi og fiskimenn, sem um getur í a-lið, til að tryggja heildaröryggi og -heilbrigði,
2. Ef vafi leikur á því hvort skip stundi fiskveiðar í atvinnuskyni skal lögbært yfirvald skera úr um það, að höfðu samráði hlutaðeigandi aðila.
3. Að höfðu samráði mega aðildarríki láta verndina, sem kveðið er á um í þessum samningi og gildir um fiskimenn sem starfa um borð í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri, taka að öllu leyti eða að hluta einnig til fiskimanna sem starfa á skipum sem eru styttri en 24 metrar.

## 3. gr.

1. Ef beiting þessa samnings veldur sérstökum og verulegum vandkvæðum í ljósi tiltekinna vinnuskilyrða fiskimannanna eða viðkomandi starfsemi fiskiskipanna má aðildarríki, á grundvelli hlutlægra viðmiðana og að höfðu samráði, undanskilja afmarkaða flokka fiskimanna eða fiskiskipa frá kröfum þessa samnings eða frá tilteknum ákvæðum hans.
2. Ef um er að ræða undantekningar samkvæmt málsgreininni hér á undan skal lögbært yfirvald gera ráðstafanir, eins og við á, til að láta kröfurnar samkvæmt þessum samningi ná í áföngum til allra hlutaðeigandi flokka fiskimanna og fiskiskipa innan 5 ára frá gildistöku þessa samnings að hámarki.
3. Framkvæmd þessarar greinar skal ekki undir neinum kringumstæðum fela í sér ástæður til að réttlæta skerðingu á almennri vinnuvernd starfsmanna á þeim sviðum sem heyra undir löggjöf ESB á gildistökuþegi þessa samnings.

## 4. gr.

Samningur þessi hefur í engu áhrif á hvers kyns lög, úrskurði, venjur eða samninga milli eigenda fiskiskipa og fiskimanna sem tryggja fiskimönnum betri kjör en kveðið er á um í þessum samningi.

## 2. HLUTI

## ALMENNAR MEGINREGLUR

## ÁBYRGÐ EIGENDA FISKISKIPA, SKIPSTJÓRA OG FISKIMANNA

## 5. gr.

1. Þessi grein gildir með fyrirvara um tilskipun 93/103/EB.
2. Eigandi fiskiskíps er ábyrgur fyrir því að tryggja að skipstjórinn fái nauðsynleg úrræði og aðstöðu til að fullnægja kröfum þessa samnings
3. Til að tryggja öryggi fiskimannanna um borð og öruggan rekstur skipsins tekur ábyrgð skipstjórans til, en takmarkast þó ekki við, eftirfarandi:
  - a) að hafa slíka yfirstjórn ásamt því að tryggja eftir föngum, að fiskimenn vinni starf sitt við sem bestar aðstæður með tilliti til öryggis og heilsu,
  - b) að stjórna fiskimönnum þannig að öryggi og heilbrigði séu í fyrirrúmi, þ.m.t. að komið sé í veg fyrir ofþreytu,
  - c) að greiða fyrir þjálfun sem eykur meðvitund um öryggi og heilbrigði við vinnu, og
  - d) að tryggja að farið sé eftir viðmiðunum um öryggi við siglingar, vaktstöðu og góða sjómennsku.



4. Skipstjórinn skal ekki sæta takmörkunum af hálfu eiganda fiskiskipsins að því er varðar ákvarðanir sem eru, samkvæmt faglegu mati skipstjóra, nauðsynlegar vegna öryggis fiskimannanna um borð, öryggis skipsins, siglingar þess og reksturs.
5. Fiskimenn skulu fara eftir lögmatum fyrirskipunum skipstjórans og gildandi reglum um öryggi og heilbrigði.

### 3. HLUTI

## LÁGMARKSKRÖFUR UM VINNU Í FISKISKIPUM

### LÁGMARKSALDUR

#### 6. gr.

1. Þessi grein gildir með fyrirvara um tilskipun 94/33/EB.
2. Lágmarksaldur til að stunda vinnu um borð í fiskiskipi skal vera 16 ár að því tilskildu að ungmenni sé ekki lengur í fullu skyldunámi samkvæmt landslögum. Þó má lögbært yfirvald heimila að lágmarksaldur sé 15 ár fyrir einstaklinga sem eru ekki lengur í fullu skyldunámi samkvæmt landslögum og eru í starfsþjálfun á sviði fiskveiða.
3. Lögbært yfirvald má, í samræmi við landslög og landsvenju, heimila einstaklingum sem eru 15 ára að sinna léttum störfum í skólaleyfum. Í slíkum tilvikum skal það ákvarða, að höfðu samráði, hvaða störfum þeir mega sinna og skal mæla fyrir um skilyrðin sem slík störf skulu unnin við og þann hvíldartíma sem áskilinn er.
4. Lágmarksaldur til að vera falin störf um borð í fiskiskipum, sem vegna eðlis eða aðstæðna eru unnin við aðstæður sem geta stofnað heilbrigði, öryggi, líkamlegum, andlegum eða félagslegum þroska, menntun eða siðferði ungmenna í hættu, skal ekki vera lægri en 18 ár.
5. Kveðið skal á um þær tegundir starfa, sem 4. málsgrein þessarar greinar gildir um, í landslögum eða reglugerðum, eða af hálfu lögbærra yfirvalda, að höfðu samráði, að teknu tilliti til áhættu sem fylgir og viðeigandi alþjóðlegra viðmiðana.
6. Heimila má í landslögum eða reglugerðum eða með ákvörðun lögbærs yfirvalds, að höfðu samráði, að störfin, sem vísað er til í 4. mgr. þessarar greinar séu unnin frá 16 ára aldri, að því tilskildu að ungmennið sé ekki lengur í fullu skyldunámi samkvæmt landslögum og með því skilyrði að ungmennin sem í hlut eiga njóti fullrar verndar hvað varðar öryggi, heilbrigði, líkamlegan, andlegan og félagslegan þroska, menntun og siðferði og hafi notið nægilegrar og sérhæfðrar kennslu eða starfsþjálfunar og hafi lokið grunnöryggisþjálfun til starfa á sjó. Virða skal kröfur 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/33/EB.
7. Óheimilt skal að ráða fiskimenn, sem ekki hafa náð 18 ára aldri, til starfa að nóttu til. Að því er varðar þessa grein skal „nótt“ skilgreind í samræmi við landslög og landsvenju. Hún skal vara í minnst níu klukkustundir og hefst það tímabil ekki síðar en á miðnætti og endar ekki fyrr en kl. 5 að morgni. Lögbært yfirvald getur veitt undanþágu frá því að hlíta ítrustu kröfum um takmörkun á næturvinnu, að því tilskildu að kröfur 9. gr. tilskipunar 94/33/EB séu virtar, þegar:
  - a) það kæmi annars niður á markvissri þjálfun viðkomandi fiskimanna í samræmi við viðurkennt nám og áætlanir eða
  - b) sérstakt eðli skyldustarfanna eða viðurkennd þjálfunaráætlun krefst þess að fiskimennirnir, sem falla undir undanþáguna, inni af hendi skyldustörf að nóttu til og yfirvald telur, að höfðu samráði, að vinnan muni ekki hafa skaðleg áhrif á heilsu eða velferð þeirra.
8. Ekkert í þessari grein skal hafa áhrif á skyldur sem aðildarríki kann að hafa gengist undir og leiðir af fullgildingunni annarrar alþjóðlegrar vinnuálagssambýktar, sem tryggja ungum fiskimönnum, sem í hlut eiga í þessari grein, meiri vernd.

## LÆKNISSKOÐUN

## 7. gr.

1. Enginn fiskimaður skal starfa um borð í fiskiskipi án gilds læknisvottorðs til staðfestingar á heilbrigði til að sinna skyldustörfum sínum.
2. Lögbært yfirvald má, að höfðu samráði, veita undanþágur frá beitingu 1. mgr. þessarar greinar, að teknu tilliti til öryggis og heilsu fiskimanna, stærðar skipsins, aðgengis að læknishjálpi og brottflutnings, lengdar veiðiferðar, farsviðs og tilhögunar fiskveiðanna.
3. Undanþágurnar í 2. mgr. þessarar greinar skulu ekki gilda um fiskimann sem starfar á fiskiskipi sem er 24 metrar að lengd og lengra eða er að jafnaði á sjó lengur en þrjú daga. Þegar brýna nauðsyn ber til má lögbært yfirvald heimila fiskimanni að starfa á slíku skipi í takmarkaðan og tiltekinn tíma þar til unnt er að fá læknisvottorð, að því tilskildu að fiskimaðurinn sé handhafi læknisvottorðs sem er nýlega útrunnið.

## 8. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir sem kveða á um:

- a) hvers eðlis læknisskoðanir séu,
- b) form og innihald læknisvottorða,
- c) að læknisvottorðið skuli gefið út á viðeigandi hátt af lækni sem er til þess menntaður og hæfur eða, í því tilviki að einungis sé um sjónvottorð að ræða, af einstaklingi sem lögbært yfirvald viðurkennir að sé hæfur til að gefa út slíkt vottorð; þessir einstaklingar skulu vera algjörlega sjálfstæðir þegar þeir komast að faglegri niðurstöðu við mat sitt,
- d) tíðni læknisskoðana og gildistíma læknisvottorða,
- e) rétt til annarrar skoðunar, þar sem niðurstaðan er bindandi, af hálfu sjálfstæðs læknis sem tilnefndur hefur verið af aðildarríkinu sem úrskurðaraðili,
  - i. ef einstaklingi hefur verið neitað um skírteini eða hefur sætt því að starf sem hann má vinna sé háð takmörkunum,
  - ii. ef einstaklingur hefur, meðan á skoðun stendur, gefið í skyn að honum finnist hann óhæfur til að gegna skyldum sínum um borð í fiskiskipi, en sá sem annast læknisskoðunina gefur engu að síður út læknisvottorð til staðfestingar á því að viðkomandi sé hæfur í læknisfræðilegum skilningi til að sinna skyldustörfum sínum um borð í fiskiskipi,
  - iii. ef einstaklingi hefur verið neitað um skírteini eða hefur sætt því að starf sem hann má vinna sé háð takmörkunum, en læknisfræðilegar ástæður fyrir slíkri neitun eru ekki lengur fyrir hendi,
- f) aðrar viðeigandi kröfur.

## 9. gr.

Á fiskiskipi sem er 24 metrar að lengd og lengra eða á skipi sem er að jafnaði á sjó lengur en þrjú daga skal, auk lágmarkskrafanna sem mælt er fyrir um í 7. og 8. gr.:

- a) að lágmarki tilgreina í læknisvottorði fiskimanns að:
  - i. heyrn og sjón fiskimannsins sem í hlut á sé fullnægjandi svo hann geti gegnt skyldum fiskimanns á skipinu og
  - ii. fiskimaðurinn sem í hlut á þjáist ekki af neinum sjúkdómi, sem líkur eru til að versni við það að starfa á sjó eða valdi því að fiskimaðurinn sé óhæfur til slíkra starfa eða stofni heilsu og öryggi annarra einstaklinga um borð í hættu,
- b) læknisvottorð skal gilda að hámarki í tvö ár nema fiskimaðurinn sé undir 18 ára að aldri, en þá skal gildistíminn vera eitt ár,
- c) ef gildistími vottorðs rennur út meðan á sjóferð stendur skal vottorðið halda gildi sínu til loka þeirrar sjóferðar.

## 4. HLUTI

## VINNUSKILYRÐI

## MÖNNUN

## 10. gr.

1. Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir sem gera eigendum fiskiskipa, sem sigla undir fána þeirra eða eru skráð innan óskoraðrar lögsögu þeirra, skylt að ganga úr skugga um að skip þeirra séu nægilega og örugglega mönnuð til að tryggja örugga siglingu og rekstur skipsins og að það sé undir stjórn hæfs skipstjóra.
2. Til viðbótar við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar skal lögbært yfirvald gera lágmarkskröfur um mönnun skipa, sem eru 24 metrar að lengd og lengri, að því er varðar örugga siglingu skipsins þar sem tilgreindur er fjöldi fiskimannanna og tilskilin hæfni þeirra.
3. Lögbært yfirvald má, að höfðu samráði, setja annars konar kröfur en þær sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar. Aðildarríkið skal þó ganga úr skugga um að slíkar kröfur:
  - a) stuðli að því að almennt markmið og tilgangur þessarar greinar og 11. gr. hér á eftir, náist að fullu,
  - b) hrindi í framkvæmd 2. mgr. þessarar greinar og
  - c) stofni ekki öryggi og heilsu fiskimannanna í hættu.

## VINNUTÍMI OG HVÍLDARTÍMI

## 11. gr.

1. a) Ákvæði 3.–6. gr., 8. gr. og 21. gr. tilskipunar 2003/88/EB gilda ekki um fiskimenn sem heyra undir þennan samning.
    - b) Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir sem gera eigendum skipa sem sigla undir fána þess skylt að ganga úr skugga um að fiskimenn eigi rétt á nægilegri hvíld og að vinnutími þeirra takmarkist að meðaltali við 48 stundir á viku, reiknað yfir viðmiðunartímabil sem ekki er lengra en 12 mánuðir.
  2. a) Í samræmi við þörfina á að vernda öryggi og heilbrigði fiskimanna og í því skyni að koma í veg fyrir ofþreytu skulu aðildarríkin, að höfðu samráði, innan þeirra takmarkana sem settar eru fram í b-lið 1. mgr. og 3. og 4. mgr. þessarar greinar, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja:
    - i. að vinnutími sé takmarkaður við hámarksfjölda klukkustunda, sem ekki má fara yfir á tilteknu tímabili, eða
    - ii. að veittur sé lágmarksfjöldi hvíldarstunda á tilteknu tímabili.
  - b) Hámarksfjöldi vinnustunda eða lágmarksfjöldi hvíldarstunda skal skilgreindur í lögum eða stjórnisýslufyrirmælum eða í kjarasamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins.
3. Mörk vinnu- eða hvíldartíma skulu vera annaðhvort:
    - a) hámarksfjöldi vinnustunda, sem ekki skal vera meiri en:
      - i. 14 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili, og
      - ii. 72 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili,eða
    - b) lágmarksfjöldi hvíldarstunda, sem ekki skal vera minni en:
      - i. tíu klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili og
      - ii. 77 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili.
  4. Hvíldartíma má ekki skipta upp í meira en tvo hluta og skal annar hluti hvíldartímans vera að minnsta kosti sex klukkustundir og ekki skulu líða meira en 14 klukkustundir á milli tveggja hvíldartíma.

5. Í samræmi við almennar meginreglur um öryggi og heilsuvernd starfsmanna og af hlutlægum eða tæknilegum ástæðum eða ástæðum sem varða skipulag vinnunnar, er aðildarríkjunum heimilt að leyfa undantekningar frá þeim takmörkunum sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. og 3. og 4. mgr., þar á meðal að koma á viðmiðunartímabilum. Slíkar undanþágur skulu, eftir því sem unnt er, vera í samræmi við settar kröfur en geta tekið mið af örari eða lengri fríum eða veitingu uppbótarfría fyrir fiskimenn.

Mæla má fyrir um slíkar undantekningar í:

a) lögum eða stjórnisýslufyrirmælum, að því tilskildu að haft sé samráð og að kapp sé lagt á að hvetja til hvers konar skoðanaskipta milli aðila vinnumarkaðarins, eða

b) kjarasamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins.

6. Ef heimilaðar eru undanþágur skv. 5. mgr. frá þeim mörkum sem mælt er fyrir um í 3. mgr., skulu viðeigandi fiskimenn njóta viðbótarhvíldartíma eins fljótt og auðið er.

7. Ekkert í þessari grein skal teljast skerða rétt skipstjóra á skipi til að krefjast þess að fiskimaður vinni þann tíma sem er nauðsynlegur í þágu öryggis skipsins, einstaklinga um borð, aflans, eða til að veita aðstoð öðrum bátum, skipum eða einstaklingum í sjávarháská. Samkvæmt því getur skipstjóri vikið frá skipulagi hvíldartíma og krafist þess að fiskimaður vinni þann tíma sem nauðsynlegur er þar til ástandið er orðið eðlilegt aftur. Skipstjóri skal tryggja, eins fljótt og auðið er eftir að ástandið er orðið eðlilegt aftur að fiskimenn, sem hafa sinnt störfum í fyrirfram ákveðnum hvíldartíma sínum, fái næga hvíld.

8. Aðildarríki geta kveðið á um að fiskimenn á fiskiskipum, sem sigla undir fána þeirra eða eru skráð innan óskoraðrar lögsögu þeirra, sem landslög eða venja mæla fyrir um að megi ekki stunda veiðar á tilteknu tímabili almanaksársins sem er lengra en einn mánuður, skuli taka árlegt orlof, í samræmi við 7. gr. tilskipunar 2003/88/EB, innan áðurgreinds tímabils.

#### ÁHAFNARLISTI

##### 12. gr.

Um borð í hverju fiskiskipi skal vera áhafnarlisti og skal afhenda viðurkenndum einstaklingum í landi afrit af honum fyrir brottför skipsins eða senda hann í land strax eftir brottför skipsins. Lögbært yfirvald skal skera úr um hverjum og hvenær ber að afhenda slíkar upplýsingar og í hvaða tilgangi það er gert.

#### SAMNINGUR UM STARF FISKIMANNS

##### 13. gr.

Ákvæði 14.–18. gr. gilda með fyrirvara um tilskipun 91/533/EBE.

##### 14. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir:

a) þar sem þess er krafist að fiskimenn á skipum, sem sigla undir fána þess eða skráð eru innan óskoraðrar lögsögu þeirra, njóti verndar samnings um starf fiskimanns sem er þeim skiljanlegur og í samræmi við ákvæði þessa samnings og

b) þar sem tilgreindar eru þær lágmarksupplýsingar sem skulu koma fram í samningum um störf fiskimanna í samræmi við ákvæðin í I. viðauka við samning þennan.

##### 15. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir um:

a) málsmeðferð til að tryggja að fiskimaður hafi tækifæri til að kynna sér og leita ráðgjafar um skilmála samnings um starf fiskimanns áður en hann er undirritaður,

b) að haldin sé skrá, eftir atvikum, um vinnu fiskimannsins samkvæmt slíkum samningi og

c) úrræði til að leysa ágreiningsmál í tengslum við samning um starf fiskimanns.

*16. gr.*

Samningur um starf fiskimanns, en afrit af honum skal afhenda fiskimanninum, skal vera fyrir hendi um borð og tiltækur fiskimanninum og, í samræmi við landslög og landsvenju, öðrum sem málið varðar sé þess óskað.

*17. gr.*

Ákvæði 14.–16. gr. og I. viðauka við þennan samning skulu ekki gilda um eiganda fiskiskips sem starfrækir skipið einn síns liðs.

*18. gr.*

Eigandi fiskiskips skal tryggja að sérhver fiskimaður hafi undir höndum skriflegan samning um starf fiskimanns, undirritaðan af öllum aðilum að samningnum, þar sem séð er fyrir mannsæmandi starfsskilyrðum og lífskjörum um borð í skipinu eins og krafist er samkvæmt þessum samningi.

## HEIMSENDING

*19. gr.*

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að fiskimenn um borð í fiskiskipi sem siglir undir fána þeirra eða er skráð innan óskoraðrar lögsögu þeirra, og kemur til erlendra hafnar eigi rétt á heimsendingu ef samningur um starf fiskimanns hefur runnið út eða verið rift, af góðum og gildum ástæðum, af hálfu eins eða fleiri aðila að samningnum, eða ef fiskimaðurinn getur ekki lengur gegnt skyldum sínum samkvæmt samningi sínum um starf eða ef ekki er hægt að ætlast til þess að hann gegni þeim sökum sérstakra kringumstæðna. Þetta á einnig við um fiskimenn frá því skipi sem eru fluttir af sama tilefni frá skipinu til hinnar erlendu hafnar.
2. Eigandi fiskiskipsins skal standa straum af heimsendingarkostnaðinum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar nema í því tilviki að fiskimaðurinn verði uppvís að því, í samræmi við landslög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir, að brjóta alvarlega gegn skyldum sínum samkvæmt samningi um starf.
3. Aðildarríki skulu í lögum, reglugerðum eða með öðrum ráðstöfunum mæla nánar fyrir um þær nákvæmu kringumstæður þar sem fiskimaður, sem kveðið er á um í 1. málsgrein þessarar greinar, á rétt til heimsendingar, um það hámarksstarfstímabil um borð í skipi sem veitir fiskimanni rétt til heimsendingar og ákvörðunarstaði heimsendingar.
4. Ef eigandi fiskiskips vanrækir að sjá fyrir heimsendingunni sem um getur í þessari grein skal aðildarríkið sem skipið siglir undir fána hjá gera ráðstafanir um heimsendingu fiskimannsins sem í hlut á og eiga rétt á að krefja eiganda fiskiskipsins um endurgreiðslu tilfallins kostnaðar.
5. Landslög og reglugerðir skulu ekki hafa áhrif á rétt eiganda fiskiskips til að krefjast endurgreiðslu heimsendingarkostnaðar samkvæmt samningi við þriðja aðila.

## EINKAREKIN VINNUMIÐLUNARÞJÓNUSTA

*20. gr.*

1. Þessi grein gildir með fyrirvara um tilskipun 2008/104/EB.
2. Að því er varðar þessa grein er með einkarekinni vinnumiðlunarþjónustu átt við skráningar- og ráðningarþjónustu innan einkageirans og þjónustu einkarekinna ráðningarstofa.
3. Aðildarríki skulu:
  - a) banna einkarekinni vinnumiðlunarþjónustu að beita ráðum, úrræðum eða skráum sem er ætlað að koma í veg fyrir að fiskimenn ráði sig til starfa og
  - b) gera þá kröfu að fiskimaðurinn þurfi hvorki beint né óbeint að greiða hvers kyns gjöld eða aðrar álogur fyrir þjónustu einkarekinnar vinnumiðlunarþjónustu, hvort heldur er að öllu leyti eða að hluta til.

4. Ekkert í þessari grein skal koma í veg fyrir að aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt nr. 188, neyti mögulegs réttar síns til að fela, innan þeirra takmarkana sem kveðið er á um í samþykktinni, einkareknum ráðningarstofum tiltekna ábyrgð samkvæmt samþykkt nr. 188.

#### 5. HLUTI

### ÖRYGGI OG HEILBRIGÐI VIÐ VINNU

#### FÆÐI OG VISTARVERUR

##### 21. gr.

1. Ákvæði 22.–25. gr. gilda með fyrirvara um tilskipun 93/103/EBE.
2. Ákvæðum landslaga til framkvæmdar 22.–25. gr. skal fylgt með tilhlýðilegu tilliti til hollustuhátta og almenns öryggis, heilbrigðis og þæginda.

##### 22. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir fyrir fiskiskip, sem sigla undir fána þeirra eða eru skráð innan óskoraðrar lögsögu þeirra, um vistarverur, fæði og drykkjarhæft vatn um borð

##### 23. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir þar sem krafist er að vistarverur um borð í fiskiskipum, sem sigla undir fána þess eða eru skráð innan óskoraðrar lögsögu þess, skuli vera af fullnægjandi stærð, gæðum og nægilega vel búnað fyrir þjónustu skipsins og með tilliti til þess tíma sem fiskimennirnir búa um borð í skipinu. Slíkar ráðstafanir skulu, eftir því sem við á, einkum beinast að eftirfarandi málum:

- a) samþykki teikninga fyrir smíði eða breytingar á fiskiskipum að því er varðar vistarverur,
- b) viðhaldi vistarvera og eldhúsrýma,
- c) loftræstingu, hitun, kælingu og lýsingu,
- d) takmörkun mikils hávaða og titrings,
- e) staðsetningu, stærð, smíðafni, húsbúnaði og búnaði svefnklefa, borðsala og annarra vistarvera,
- f) hreinlætisaðstöðu, þ.m.t. salerni og þvottaaðstöðu ásamt birgðum af nægilegu heitu og köldu vatni, og
- g) starfsreglum um það hvernig brugðist skuli við kvörtunum um vistarverur sem uppfylla ekki skilyrði þessarar samnings.

##### 24. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir sem kveða á um að:

- a) næringargildi, gæði og magn fæðis sem er um borð og borið er fram skuli vera fullnægjandi,
- b) gæði og magn drykkjarhæfs vatns skuli vera fullnægjandi, og
- c) eigandi fiskiskipsins skuli sjá fyrir fæði og vatni fiskimanninum að kostnaðarlausu; þó má endurkrefja kostnaðinn, í samræmi við ákvæði landslaga og reglugerða, sem rekstrarkostnað ef kveðið er á um slíkt í kjarasamningi um hlutaskiptakerfi eða í samningi um starf fiskimannsins.

##### 25. gr.

Lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir sem aðildarríki samþykkir í samræmi við 22.–24. gr., skulu hrinda í framkvæmd ákvæðum II. viðauka við þennan samning.

## HEILSUGÆSLA OG LÆKNISHJÁLP; VERND EF VINNUTENGD VEIKINDI, SLYS EÐA DAUÐSFÖLL BER AÐ HÖNDUM

## 26. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir sem kveða á um að fiskimaður um borð í fiskiskipi, sem siglir undir fána þess eða sem skráð er innan óskoraðrar lögsögu þess:

- a) eigi rétt á lækni meðferð í landi og rétt til að vera fluttur í tæka tíð í land til meðferðar ef alvarlegt slys eða veikindi ber að höndum,
- b) skuli séð fyrir heilsuvernd og læknishjálpi af eiganda fiskiskipsins meðan hann er
  - i. um borð eða
  - ii. í höfn í öðru landi en því sem er ábyrgt fyrir tryggingavernd fiskimannsins og
- c) hafi, ef um vinnutengd veikindi eða slys er að ræða, enn fremur hafa aðgang að viðeigandi læknishjálpi í samræmi við landslög, reglugerðir eða venju.

## 27. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir sem gera kröfu um að heilsuvernd og læknishjálpi súa, sem um getur í b-lið 26. gr., skuli:

- a) heyra undir gildandi ákvæði tilskipunar 92/29/EBE og 28. gr. hér á eftir ef fiskimaðurinn er um borð í skipinu og
- b) taka til lækni meðferðar og tengdrar efnislegrar aðstoðar og stuðnings meðan lækni meðferð fer fram ef fiskimaðurinn er í höfn í öðru landi en því sem ber ábyrgð á tryggingavernd fiskimannsins.

## 28. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir sem kveða á um að:

- a) auk krafna b-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 92/29/EBE skuli lækningavörur og lækniáhöld um borð einnig miðast við farsvið þess,
- b) auk krafna 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 92/29/EBE skuli hin sérstaka þjálfun fiskimanna, sem kveðið er á um, einnig miðast við fjölda fiskimanna um borð, farsvið og lengd úthalds,
- c) leiðarvísarnir sem um getur í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 92/29/EBE séu á tungumáli og formi sem er skiljanlegt hinum þjálfuðu fiskimönnum, sem um getur í b-lið þessarar greinar,
- d) lækni ráðgjöfin, sem um getur í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 92/29/EBE, skuli einnig standa til boða um gervihnattafjarskipti og að fiskiskip sem sigla undir fána þess eða eru skráð innan óskoraðrar lögsögu þess séu búin til fjarskipta eða gervihnattafjarskipta til að geta notið slíkrar lækni ráðgjafar, og
- e) fiskiskip, sem sigla undir fána þess eða eru skráð innan óskoraðrar lögsögu þess, hafi um borð lækningabók sem er valin eða samþykkt af lögbæru yfirvaldi eða nýjustu útgáfuna af *Alþjóðlegri lækni ráðgjöf fyrir skip*.

## 29. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir þar sem þess er krafist að:

- a) tryggt sé, að svo miklu leyti sem það samræmist landslögum og landsvenju í aðildarríki, að fiskimönnum sé veitt læknishjálpi, sem lýst er í b-lið 26. gr. og einnig í 28. gr., þeim að kostnaðarlausu og að
- b) eigandi fiskiskipsins skuli bera kostnað af læknishjálpi, sem fiskimaðurinn er undanþeginn skv. a-lið þessarar greinar, þar til fiskimaður hefur verið sendur heim að því marki sem landið, sem ber ábyrgð á tryggingavernd fiskimannsins, greiðir ekki kostnaðinn samkvæmt almannatryggingakerfi sínu, og að

- c) eigandi fiskiskipsins skuli vera ábyrgur fyrir greiðslu kostnaðar fyrir læknishjálpinu, sem lýst er í c-lið 26. gr., að því marki sem landið, sem ber ábyrgð á tryggingavernd fiskimannsins, greiðir ekki kostnaðinn samkvæmt almannatryggingakerfi sínu.

30. gr.

Heimila má með landslögum eða reglugerðum að útiloka ábyrgð eiganda fiskiskips á því að greiða fyrir læknishjálpu, eins og um getur í b- og c-lið 29. gr., ef áverkinn varð með öðrum hætti en í þjónustu við skipið eða ef veikindum eða heilsubresti var leynt af ásetningi við ráðningu eða ef eigandi fiskiskipsins getur sannað að áverkinn eða veikindin voru sökum vísitandi misferlis fiskimannsins.

31. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera ráðstafanir til þess að veita fiskimönnum vernd í samræmi við landslög, reglugerðir eða landsvenju, vegna vinnutengdra veikinda, áverka eða dauðsfalla.
2. Ef áverkar verða af völdum vinnuslyss eða ef um sjúkdóm er að ræða skal fiskimaðurinn hafa aðgang að samsvarandi bótum í samræmi við landslög og reglugerðir.
3. Að því marki sem verndin, sem um getur í 1. mgr. og þar af leiðandi 2. mgr. þessarar greinar fellur ekki undir almannatryggingakerfi landsins, sem ber ábyrgð á tryggingavernd fiskimannsins, skal eigandi fiskiskipsins bera ábyrgð á henni.

32. gr.

Að teknu tilliti til eðlis fiskveiða má tryggja fjárhagslega ábyrgð eiganda fiskiskipsins skv. 29. og 31. gr., með:

- a) fyrirkomulagi sem kveður á um ábyrgð eigenda fiskiskipa eða
- b) skyldutryggingu, bótum starfsmanna eða öðrum kerfum.

#### ÖRYGGI OG HEILBRIGÐI VIÐ VINNU OG SLYSAVARNIR

33. gr.

Ákvæði 34.–36. gr. gilda með fyrirvara um tilskipun 89/391/EBE, tilskipun 92/29/EBE og tilskipun 93/103/EB.

34. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir um:

- a) varnir gegn vinnuslysum, atvinnusjúkdómum og vinnutengdri áhættu um borð í fiskiskipum, þ.m.t. áhættumat og stjórnun, hjálfun og kennslu fiskimanna um borð,
- b) hjálfun fiskimanna í að meðhöndla þær tegundir veiðarfæra sem þeir munu nota og í þeim fiskveiðum sem þeir munu stunda,
- c) skyldur eigenda fiskiskipa, fiskimanna og annarra sem málið varðar að teknu tilliti til öryggis og heilsu fiskimanna undir 18 ára aldri,
- d) skýrslugjöf og rannsókn á slysum um borð í fiskiskipum, sem sigla undir fána þeirra eða eru skráð innan óskoraðrar lögsögu þeirra, og
- e) skipun sameiginlegra nefnda um öryggi og heilbrigði við vinnu eða, að höfðu samráði, að setja á laggir aðrar viðeigandi stofnanir.

35. gr.

1. Kröfur þessarar greinar skulu gilda um öll fiskiskip að teknu tilliti til fjölda fiskimanna um borð, farsviðs og lengdar útivistar.



## 2. Lögbært yfirvald skal:

- a) að höfðu samráði, krefjast þess að eigandi fiskiskipsins, í samræmi við landslög, reglugerðir, kjarasamninga og venju, komi á verklagsreglum um borð til að koma í veg fyrir vinnuslys, áverka og sjúkdóma, að teknu tilliti til sérstakrar hættu og áhættu um borð í fiskiskipinu sem í hlut á, og
- b) krefjast þess að eigendum fiskiskips, skipstjórum, fiskimönnum og öðrum viðkomandi einstaklingum sé séð fyrir fullnægjandi og hentugu leiðbeiningar- og þjálfunarefni eða öðrum viðeigandi upplýsingum um mat á og viðbrögð við áhættu tengdri öryggi og heilsu um borð í fiskiskipum.

## 3. Útgerðarmenn fiskiskips skulu:

- a) tryggja að sérhver fiskimaður um borð fái í hendur viðeigandi hlífðarklæðnað og persónuhlífar,
- b) tryggja að sérhver fiskimaður um borð hafi hlotið grunnöryggisþjálfun, viðurkennda af lögbæru yfirvaldi, og
- c) tryggja að fiskimönnum sé nægilega vel kunnugt um virkni búnaðar og stjórnun hans, þ.m.t. viðeigandi öryggisráðstafanir, áður en þeir nota búnaðinn eða taka þátt í viðeigandi aðgerðum.

36. gr.

Gera skal áhættumat í tengslum við fiskveiðar með þátttöku fiskimanna eða fulltrúa þeirra, eftir því sem við á.

## 6. HLUTI

**BREYTINGAR**

37. gr.

1. Í kjölfar hvers konar breytinga á ákvæðum samþykktarinnar, eða ef einhver undirritunaraðila að þessum samningi fer fram á það, skal fara fram endurskoðun á beitingu þessa samnings og viðaukum hans.
2. Í kjölfar hvers konar breytinga á evrópskri löggjöf, sem kann að hafa áhrif á samning þennan, eða ef einhver undirritunaraðila að þessum samningi fer fram á það, skal fara fram mat og endurskoðun á samningnum, hvenær sem er.

## 7. HLUTI

**LOKAÁKVÆÐI**

38. gr.

Undirritunaraðilar gera með sér þennan samning með því skilyrði að hann öðlist ekki gildi fyrr en á þeim degi þegar samþykktin öðlast gildi. Samþykktin gengur í gildi 12 mánuðum eftir að fullgildingar tíu aðildarríkja Alþjóðavinnuámalastofnunarinnar, þar af átta strandríkja, hafa verið skráðar hjá forstjóra alþjóðavinnuámalaskrifstofunnar.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir undirritað samning þennan.

GJÖRT Í Gautaborg í Svíþjóð þann tuttugasta og fyrsta maí, tvö þúsund og tólf.

*Hr. Javier Garat, formaður Bandalags landssamtaka fiskveiðifyrirtækja í Evrópusambandinu (Europêche)*

*Hr. Giampaolo Buonfiglio, formaður vinnuhóps COPA-Cogeca um fisk*

*Hr. Eduardo Chagas, framkvæmdastjóri Sambands félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF)*

\_\_\_\_\_

## I. VIÐAUKI

## SAMNINGUR UM STARF FISKIMANNS

Í samningi um starf fiskimanns skal tilgreina eftirtaldar upplýsingar, nema talið sé ónáuðsynlegt að þær séu taldar með af þeim sökum að settar hafi verið reglur um málið með öðrum hætti í landslögum, reglugerðum eða kjarasamningum eftir atvikum:

- a) eftirnafn fiskimanns og önnur nöfn, fæðingardag eða aldur og fæðingarstað,
- b) staðinn og dagsetninguna þar sem samningurinn var gerður,
- c) nafn fiskiskipsins eða fiskiskipanna og skráningarnúmer skipsins eða skipanna þar sem fiskimaðurinn skuldbindur sig að starfa,
- d) nafn atvinnurekanda eða eiganda fiskiskips eða annars aðila að samningi við fiskimanninn,
- e) sjóferð eða sjóferðir sem fara á í ef unnt er að ákvarða það þegar samningurinn er gerður,
- f) stöðu sem fiskimaðurinn er ráðinn til að gegna,
- g) ef unnt er, staðinn og dagsetninguna þar sem fiskimaðurinn á að mæta til þjónustu um borð,
- h) vistir sem sjá á fiskimanninum fyrir, nema kveðið sé á um annað fyrirkomulag í landslögum eða reglugerðum,
- i) upplýsingar um launafjárhæðir eða hlut og aðferð við að reikna út slíkan hlut ef greiða á á grundvelli hlutar, eða launafjárhæð og hlut og aðferð við að reikna út hið síðarnefnda ef greitt er á grundvelli þessara þátta sameiginlega og umsamin lágmarkslaun,
- j) samningslok og skilmála þar að lútandi, það er að segja:
  - i. ef samningurinn hefur tiltekinn gildistíma, gildislokadag hans,
  - ii. taki samningurinn til einnar ferðar, ákvörðunarhöfn og þann tíma sem þarf að líða eftir komu áður en afskrá skuli fiskimanninn,
  - iii. sé samningurinn ótímabundinn, skilyrðin sem heimila hvorum aðila fyrir sig að segja honum upp, ásamt tilskildum uppsagnarfresti, sem skal hvorki vera styttri fyrir atvinnurekandann, eða fyrir eiganda fiskiskipsins, né aðra aðila að samningnum við fiskimanninn,
- k) fjárhæð greidds árlegs orlofs eða, eftir atvikum, reglu sem notuð er til að reikna út orlof,
- l) greiðslur sem atvinnurekanda, eiganda fiskiskips eða öðrum aðila eða aðilum að samningi um starf fiskimannsins, eftir því sem við á, ber að inna af hendi til fiskimanns í tengslum við heilsuvernd og tryggingavernd,
- m) rétt fiskimannsins til heimsendingar,
- n) tilvísun til kjarasamningsins, eftir atvikum:
- o) lágmarkshvöldartíma í samræmi við landslög, reglugerðir eða aðrar ráðstafanir; og
- p) önnur atriði sem krafist kann að vera í landslögum eða reglugerðum.

## II. VIÐAUKI

## VISTARVERUR FISKISKIPS

## ALMENN ÁKVÆÐI

1. Þessi viðauki gildir með fyrirvara um tilskipanir 92/29/EBE og 93/103/EB.
2. Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
  - a) *Samningur*: samningurinn sem gerður var milli Samtaka samvinnufélaga í landbúnaði í Evrópusambandinu (Cogeca), Sambands félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) og Bandalags landssamtaka fiskveiðifyrirtækja í Evrópusambandinu (Europêche) þann 21. maí 2012 um framkvæmd samþykktar Alþjóðavinnuáráðs um vinnu við fiskveiðar, 2007,
  - b) *nýtt fiskiskip*: skip sem eftirfarandi á við um:
    - i. smíðasamningur eða samningur um meiri háttar breytingar hefur verið gerður á gildistökudegi samningsins eða síðar eða
    - ii. smíðasamningur eða samningur um meiri háttar breytingar hefur verið gerður fyrir gildistökudag samningsins og afhending fer fram þremur árum eftir þann dag eða síðar eða
    - iii. þar sem ekki liggur fyrir smíðasamningur á gildistökudegi samningsins eða síðar:
      - a) kjölurinn hefur verið lagður, eða
      - b) smíði tiltekins skips er greinilega hafin, eða
      - c) samsetning er hafin á og er orðin að minnsta kosti 50 tonn að þyngd eða 1% af áætluðum heildarþunga alls smíðaefnis, hvort heldur er minna,
  - c) *gamalt skip*: skip sem er ekki nýtt fiskiskip.
3. Eftirtalið gildir um öll ný þilfarsfiskiskip með fyrirvara um undantekningarnar sem kveðið er á um í 3. gr. samningsins. Lögbært yfirvald má, að höfðu samráði, einnig beita kröfum þessa viðauka gagnvart gömlum skipum þegar og að því marki sem það telur að það sé skynsamlegt og framkvæmanlegt.
4. Lögbært yfirvald má, að höfðu samráði, heimila frávik frá ákvæðum þessa viðauka fyrir fiskiskip sem eru að jafnaði skemur á sjó en 24 klukkustundir og þegar fiskimennirnir búa ekki um borð í skipinu þegar það er í höfn. Þar sem slík skip eiga í hlut skulu lögbær yfirvöld tryggja að hlutaðeigandi fiskimenn hafi fullnægjandi hvíldar-, matar- og hreinlætisaðstöðu.
5. Beita má kröfum fyrir skip, sem eru 24 metrar að lengd og lengri, gagnvart skipum sem eru á bilinu 15 til 24 metrar að lengd ef lögbært yfirvald telur, að höfðu samráði, að það sé skynsamlegt og framkvæmanlegt.
6. Fiskimönnum sem starfa um borð í fylgdarskipum þar sem ekki eru viðunandi vistarverur og hreinlætisaðstaða skal séð fyrir slíkum vistarverum og aðstöðu um borð í móðurskipinu.
7. Aðildarríki mega beita kröfum þessa viðauka um hávaða, titring, loftræstingu, hitun, loftjöfnun og lýsingu þannig að þær taki til lokaðra vinnurýma og rýma sem notuð eru til geymslu ef slík beiting, að höfðu samráði, telst vera viðeigandi og hefur ekki neikvæð áhrif á vinnsluna, vinnuaðstöðu eða gæði aflans.

## SKIPULAG OG EFTIRLIT

8. Lögbært yfirvald skal fullvissa sig um að í hvert sinn sem nýtt skip er smíðað eða þegar vistarverur áhafnar í skipi hafa verið endurbýggðar uppfylli slíkt skip kröfur þessa viðauka. Lögbært yfirvald skal, eftir því sem unnt er, krefjast þess að farið sé eftir ákvæðum þessa viðauka þegar meiriháttar breytingar eru gerðar á vistarverum áhafnar í skipi, og að því er varðar skip sem breytir um fána sem það siglir undir og fer undir fána aðildarríkis, skal þess krafist að farið sé eftir kröfum í þessum viðauka sem gilda í samræmi við 3. mgr.

9. Að því er varðar þau tilvik sem um ræðir í 8. mgr. fyrir skip sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal krefjast þess að nákvæmar teikningar og upplýsingar um vistarverur verði lagðar fram til samþykktar hjá lögbæru yfirvaldi eða hjá aðila sem það viðurkennir.
10. Að því er varðar skip sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal lögbært yfirvald, í öllum tilvikum þegar vistarverur áhafnar í skipi hafa verið endurbyggðar eða meiriháttar breytingar gerðar á þeim, skoða vistarverurnar með tilliti til þess hvort þær uppfylli kröfur samningsins og þegar skipið breytir um fána sem það siglir undir og fer undir fána aðildarríkis hvort farið sé eftir kröfum í þessum viðauka sem gilda samkvæmt 3. mgr. Lögbært yfirvald má standa fyrir viðbótarskoðunum á vistarverum áhafnar að eigin geðþótta.
11. Þegar skip breytir um fána og fer undir fána aðildarríkis eða er skráð innan óskoraðrar lögsögu aðildarríkis, skulu aðrar kröfur sem lögbært yfirvald ríkis utan ESB, sem heimilaði skipinu áður að sigla undir fána sínum, kann að hafa samþykkt í samræmi við 15., 39., 47. eða 62. mgr. III. viðauka við samþykkt nr. 188, falla úr gildi gagnvart skipinu.

#### HÖNNUN OG SMÍÐI

12. Lofthæð skal vera fullnægjandi í öllum vistarverum. Í rýmum þar sem fiskimönnum er ætlað að standa langtímum saman skal lögbært yfirvald mæla fyrir um lágmarkslofthæð.
13. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal lágmarkslofthæð í öllum vistarverum, þar sem nauðsynlegt er að unnt sé að hreyfa sig á frjálstan og óþvingaðan hátt, ekki vera undir 200 sentímetrum.

#### *Op inn í og milli vistarvera*

14. Ekki skal vera opið beint inn í svefnklefa frá fiskirýmum og vélarúmi nema um neyðarundankomuleið sé að ræða. Forðast skal, nema það sé skynsamlegt og framkvæmanlegt, að hafa opið beint inn frá eldhúsum, geymslum, þurrkherbergjum eða frá sameiginlegri hreinlætisaðstöðu nema annað sé sérstaklega tekið fram.
15. Að því er varðar skip, sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, skal ekki vera opið beint inn í svefnklefa frá fiskirými og vélarúmi eða frá eldhúsum, geymslum, þurrkherbergjum eða frá sameiginlegri hreinlætisaðstöðu nema um neyðarundankomuleið sé að ræða; sá hluti þilsins sem aðskilur slík rými frá svefnklefum og ytri þiljum skal vera vandlega smíðaður úr stáli eða öðru viðurkenndu efni og skal vera vatns- og gasþéttur. Þetta ákvæði girðir ekki fyrir þann möguleika að tveir svefnklefar nýti sömu hreinlætisaðstöðuna.

#### *Einangrun*

16. Vistarverur skulu einangraðar á fullnægjandi hátt; efni, sem eru notuð til að smíða innri þil, veggklæðningu og klæðningu, gólf og samskeyti, skulu vera hentug til þeirra nota og vera þannig úr garði gerð að tryggt sé að umhverfi sé heilsusamlegt. Sjá skal fyrir fullnægjandi frárennsli í öllum vistarverum.
17. Gera skal allar þær ráðstafanir sem raunhæfar eru til að verja vistarverur áhafnar í fiskiskipum gegn ásókn flugna og annarra skordýra, einkum þegar skip eru starfrækt á svæðum þar sem moskítóflugan er landlæg.
18. Séð skal fyrir neyðarundankomuleiðum frá öllum vistarverum eftir því sem þörf krefur.

#### HÁVAÐI OG TITRINGUR

19. Ákvæði 20. liðar gildir með fyrirvara um tilskipanir 2003/10/EBE og 2002/44/EB.
20. Lögbært yfirvald skal samþykkja viðmiðanir um hávaða og titring í vistarverum sem skulu tryggja að fiskimenn séu nægilega verndaðir gegn áhrifum slíks hávaða og titrings, þ.m.t. áhrifum ofþreytu sem stafar af hávaða og titringi.

#### LOFTRÆSTING

21. Vistarverur skulu vera loftræstar, að teknu tilliti til loftslags. Loftræstikerfið skal ætíð sjá fyrir lofti af fullnægjandi gæðum þegar fiskimenn eru um borð í skipinu.

22. Fyrirkomulag loftræstingar eða aðrar ráðstafanir skulu vera með þeim hætti að þeir sem reykja ekki séu verndaðir fyrir tóbaksreyk.
23. Skip sem eru 24 metrar að lengd og lengri skulu búin loftræstikerfi fyrir vistarverur og vera þannig stillt að gæði loftsins viðhaldist og tryggt sé að hreyfing lofts sé fullnægjandi við hvers kyns veðurskilyrði og loftslag. Loftræstikerfi skal ætíð vera í gangi þegar fiskimenn eru um borð.

#### HITUN OG LOFTJÖFNUN

24. Vistarverur skulu vera nægilega vel hitaðar, að teknu tilliti til veðurskilyrða.
25. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal séð fyrir nægilegum hita með viðunandi hitakerfi nema í fiskiskípum sem eru einungis starfrækt í hitabeltisloftslagi. Kerfi til upphitunar skal sjá fyrir hita við allar aðstæður, eftir þörfum, og skal ætíð að vera í gangi þegar fiskimenn búa eða starfa um borð og aðstæður krefjast notkunar þess.
26. Í skipum, sem eru 24 metrar að lengd og lengri, skulu vera loftjöfnunarkerfi í vistarverum, á stjórnþalli, í loftskeytaklefa og miðlægum stjórnklefa vélarúms, nema í skipum sem athafna sig reglulega í tempruðu loftslagi þar sem það reynist ekki nauðsynlegt.

#### LÝSING

27. Allar vistarverur skulu vera nægilega upplýstar.
28. Eftir því sem kostur er skulu vistarverur lýstar upp með dagsljósi til viðbótar við gervilýsingu. Í svefnrými sem lýst er upp með dagsljósi skal vera hægt að byrgja ljósið.
29. Við hverja hvílu skal vera fullnægjandi lesljós til viðbótar staðallýsingu í svefnklefanum.
30. Koma skal fyrir neyðarlýsingu í svefnklefum.
31. Í þeim skipum sem eru ekki búin neyðarlýsingu í borðsölum, göngum og öðrum rýmum sem eru eða kunna að vera notuð sem neyðarundankomuleið skal koma fyrir varanlegri næturlýsingu í slíkum rýmum.
32. Í skipum, sem eru 24 metrar að lengd og lengri, skal lýsing í vistarverum vera í samræmi við þær viðmiðanir sem lögbær yfirvöld ákveða. Í öllum hlutum vistarvera sem eru ætlaðar til frjálsra athafna skal lágmarksviðmiðun fyrir slíka lýsingu miðast við að einstaklingur með eðlilega sjón geti lesið venjulegt dagblað á björtum degi.

#### SVEFNKLEFAR

##### *Almennt*

33. Ef unnt er, með tilliti til hönnunar, stærðar og notkunar skips, skulu svefnvistarverur staðsettar þar sem áhrifa hreyfingar og hröðunar gætir sem minnst en skulu þó í engum tilvikum staðsettar fyrir framan árekstrarþil.

##### *Gólfllötur*

34. Fjöldi einstaklinga í hverjum svefnklefa og gólfllötur fyrir hvern einstakling, fyrir utan rými fyrir hvílu og skápa, skal miðast við að fiskimaðurinn hafi nægilegt rými og njóti nægilegra þæginda um borð, að teknu tilliti til þjónustu skipsins.
35. Í skipum, sem eru 24 metrar að lengd og lengri en undir 45 metrum að lengd, skal gólfllötur fyrir hvern einstakling í svefnrýmum, fyrir utan rými fyrir hvílu og skápa, ekki vera minni en 1,5 fermetrar.
36. Í skipum, sem eru 45 metrar að lengd og lengri, skal gólfllötur fyrir hvern einstakling í svefnrýmum, fyrir utan rými fyrir hvílu og skápa, ekki vera minni en 2 fermetrar.

##### *Fjöldi einstaklinga í svefnklefum*

37. Fjöldi þeirra einstaklinga sem heimilað er að búi í hverjum svefnklefa skal ekki vera meiri en sex, nema kveðið sé á um annað sérstaklega.

38. Í skipum, sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal fjöldi þeirra einstaklinga sem heimilað er að búi í hverjum svefnklefa ekki vera meiri en fjórir. Lögbært yfirvald má heimila undantekningar frá þessari kröfu í sérstökum tilvikum ef stærð, tegund eða fyrirhuguð þjónusta skipsins gerir það að verkum að krafan er óskynsamleg eða óframkvæmanleg.
39. Eftir því sem kostur er skal sjá fyrir aðskildum svefnklefa eða svefnklefum fyrir yfirmenn, nema kveðið sé á um annað sérstaklega.
40. Í skipum, sem eru 24 metrar að lengd og lengri skulu svefnklefar fyrir yfirmenn, þegar unnt er, vera einsmannsklefar og í engum tilvikum skulu vera fleiri en tvær hvílur í einum svefnklefa. Lögbært yfirvald má heimila undantekningar frá þessum kröfum í sérstökum tilvikum ef stærð, tegund eða fyrirhuguð þjónusta skipsins gerir það að verkum að kröfurnar séu óskynsamlegar eða óframkvæmanlegar.

#### Annað

41. Hámarksfjöldi einstaklinga sem mega hafa aðsetur í hverjum svefnklefa skal vera merktur með skýrum og óafmáanlegum hætti á stað í klefanum þar sem það er sýnilegt með góðu mótí.
42. Sjá skal fyrir sjálfstæðum hvílum af viðeigandi stærð. Hentugt efni skal vera í rúmdýnum. Koma skal fyrir staðbundinni lýsingu í hverri hvílu.
43. Í skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal innra mál hvíla vera a.m.k. 198 sentímetrar að lengd og 80 sentímetrar að breidd.
44. Svefnklefa skal hanna og búa þannig að íbúum þeirra séu tryggð viðunandi þægindi og að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum. Meðal þess búnaðar sem séð er fyrir eru hvílur, sjálfstæðir skápar sem nægja fyrir föt og aðrar persónulegar eigur ásamt hentugum fleti til skriftar.
45. Í skipum, sem eru 24 metrar að lengd og lengri, skal vera borð sem hentar til skriftar ásamt stól.
46. Svefnvistarverur skulu staðsettar eða búnar, eftir því sem við verður komið, þannig að karlar og konur njóti viðunandi næðis og verndar einkalífs.

#### BORÐSALIR

47. Borðsalir skulu vera eins nálægt eldhúsi og hægt er en skulu þó í engum tilvikum staðsettir fyrir framan árekstrarþil.
48. Skip skulu búnir borðsölum sem eru hentugir fyrir þá þjónustu sem þar er boðið upp á. Eftir því sem kostur er skulu borðsalir vera aðgreindir frá svefnrymum, nema kveðið sé á um annað sérstaklega.
49. Í skipum, sem eru 24 metrar að lengd og lengri, skulu borðsalir vera aðgreindir frá svefnrymum.
50. Stærð og búnaður í hverjum borðsal skal nægja fyrir þann fjölda einstaklinga sem líklegt má telja að noti hann hverju sinni.
51. Í skipum með lóðlínulengd sem er 15 metrar eða lengri, skal vera kælliskápur sem er nógu stór ásamt búnaði til að útbúa heita og kalda drykki sem skal ætíð vera aðgengilegur fiskimönnum.

#### BAÐKÖR EÐA STURTUR, SALERNI OG VASKAR

52. Sjá skal öllum um borð fyrir hreinlætisaðstöðu, þ.m.t. salernum, vöskum og baðkörum eða sturtum, eftir því sem við á í tengslum við þjónustu skipsins. Þessi aðstaða skal a.m.k. uppfylla lágmarksviðmiðanir um heilbrigðis- og hollustuhætti og viðunandi kröfur um gæði.
53. Hreinlætisaðstaðan skal vera þannig að komið sé í veg fyrir mengun til annarra rýma, eftir því sem við verður komið. Tryggja skal viðunandi næði í hreinlætisaðstöðunni.
54. Allir fiskimenn og aðrir einstaklingar um borð skulu hafa aðgang að köldu og heitu ferskvatni í nægilegu magni til að tryggja megi viðunandi hreinlæti. Lögbært yfirvald má, að höfðu samráði, mæla fyrir um lágmarksmagn vatns sem sjá skal fyrir.

55. Þar sem séð er fyrir hreinlætisaðstöðu skal hún búin loftræstingu sem er tengd út undir bert loft og vera aðskilin frá öllum öðrum hlutum vistarveranna.
56. Allt yfirborð í hreinlætisaðstöðu skal vera þannig að auðvelt sé að hreinsa það með skilvirkum hætti. Gólfklæðning skal vera með hálkuvörn.
57. Á skipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal öllum fiskimönnum, sem búa ekki í klefum með viðtengdri hreinlætisaðstöðu, séð fyrir a.m.k. einu baðkari eða sturtu eða hvorutveggja, einu salerni og einum vaski fyrir hverja fjóra einstaklinga eða færri.

#### ÞVOTTAADSTADA

58. Sjá skal fyrir aðstöðu til að þvo og þurrka föt eftir þörfum, að teknu tilliti til þjónustu skipsins, nema kveðið sé á um annað sérstaklega.
59. Í skipum, sem eru 24 metrar að lengd og lengri, skal sjá fyrir fullnægjandi aðstöðu til að þvo, þurrka og strauja föt.
60. Í skipum, sem eru 45 metrar að lengd og lengri, skal sjá fyrir fullnægjandi aðstöðu til að þvo, þurrka og strauja föt í klefa sem er aðgreindur frá svefnklefum, borðsölum og salernum og skal hann vera nægilega loftræstur, hitaður og búinn þvottasnúrum og öðrum búnaði til að þurrka föt.

#### AÐSTADA FYRIR SJÚKA OG SLASAÐA FISKIMENN

61. Auk krafna tilskipunar 92/29/EBE skal, hvenær sem þörf krefur, klefi vera aðgengilegur fyrir fiskimann sem verður veikur eða hlýtur áverka.
62. Í stað kröfunnar í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 92/29/EBE gildir eftirfarandi: Í skipum, sem eru yfir 500 brúttórúmllestir og þar sem 15 eða fleiri fiskimenn eru í meira en þriggja daga sjóferðum og á fiskiskipum sem eru 45 metrar að lengd og lengri, óháð áhafnarstærð og lengd úthalds, skal vera aðgreindur sjúkraklefi þar sem veita má lækni meðferð. Rýmið skal vera vel búið og haldið í þrífalegu ástandi.

#### ÖNNUR AÐSTADA

63. Staður skal vera fyrir hendi til að hengja upp sjóklæði og aðrar persónuhlífar fyrir utan en í hentugri fjarlægð frá svefnklefum.

#### SÆNGURFATNAÐUR, BORÐBÚNAÐUR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

64. Viðeigandi borðáhöld, sængurfatnaður og annað tau skal vera til reiðu fyrir alla fiskimenn um borð. Þó má endurheimta kostnaðinn af tauinu sem rekstrarkostnað ef kveðið er á um það í kjarasamningi eða í samningi um starf fiskimannsins.

#### TÓMSTUNDAADSTADA

65. Í skipum, sem eru 24 metrar að lengd og lengri, skal vera viðeigandi tómsundaadstaða, þægindi og þjónusta í þágu allra fiskimanna um borð. Eftir því sem við á má nota borðsali til tómsundaíðkunar.

#### FJARSKIPTAADSTADA

66. Allir fiskimenn um borð skulu fá réttmætan aðgang að fjarskiptaaðstöðu, eftir því sem unnt er, á sanngjörnu verði án þess að það sé hærra en sem nemur fullum kostnaði eiganda fiskiskipsins.

#### ELDHÚS OG MATVÆLAGEYMSLUR

67. Sjá skal fyrir eldhúsbúnaði um borð. Þessi búnaður skal settur upp, þar sem því verður við komið í sérstöku eldhúsi, nema kveðið sé á um annað sérstaklega.
68. Eldhús, eða eldunaraðstaða ef ekki er um að ræða sérstakt eldhús, skal vera nægilega stórt, vel upplýst, loftræst og vel búið tækjum sem er vel viðhaldið.

69. Í skipum, sem eru 24 metrar að lengd og lengri, skal vera sérstakt eldhús.
70. Hylki undir bútan- og própangas sem notað er til eldunar í eldhúsi skulu geymd á opnu þilfari og í skýli sem er hannað til þess að verja þau frá utanaðkomandi hitagjöfum og utanaðkomandi hnjaski.
71. Sjá skal fyrir hentugri og nægilega stórri matvælageymslu sem unnt er að halda þurri, svalri og vel loftræstri í því skyni að koma í veg fyrir að vistir spillist og nota skal, nema kveðið sé á um annað sérstaklega, kæliskápa eða aðrar lághitageymslur ef unnt er.
72. Í skipum með lóðlínulengd sem er 15 metrar eða lengri, skal nota vistageymslu, kæliskáp eða annað lághitageymslurými.

## MATVÆLI OG DRYKKJARHÆFT VATN

73. Matvæli og drykkjarhæft vatn skal vera í nægu magni og með hliðsjón af fjölda fiskimanna, lengd og eðli sjóferðarinnar. Auk þess skulu þau vera af fullnægjandi gæðum, næringarinnihaldi, magni og fjölbreytileika, einnig að teknu tilliti til mismunandi þátta sem snerta kröfur fiskimannanna hvað varðar menningu og trúarbrögð í tengslum við matvæli.
74. Lögbært yfirvald má mæla fyrir um lágmarksviðmiðanir um magn matvæla og vatns sem skulu vera um borð.

## HREINLEGAR OG VISTLEGAR DVALARAÐSTÆÐUR

75. Vistarverum skal haldið hreinum og vistlegum og þar skal ekki geyma vörur og vistir sem eru ekki persónulegar eigur íbúa eða varða öryggi þeirra eða björgun.
76. Eldhúsi og matvælageymsluaðstöðu skal haldið í þrifalegu ástandi.
77. Úrgangur skal geymdur í lokuðum og vel þéttum ílátum og hann skal fjarlægja af svæðum þar sem matvæli eru meðhöndluð hvenær sem þörf krefur.

## SKOÐANIR SKIPSTJÓRA EÐA UNDIR YFIRSTJÓRN SKIPSTJÓRA

78. a) Í skipum, sem eru 24 metrar að lengd og lengri skal lögbært yfirvald krefjast þess að tíðar skoðanir fari fram af hálfu eða undir yfirstjórn skipstjóra til að tryggja að:
- vistarverur séu hreinar, íbúðarhæfar svo mannsæmandi sé, öruggar og þeim vel við haldið,
  - matvæla- og vatnsbirgðir séu nægar og
  - eldhúsi og matvælageymsluaðstöðu sé haldið þrifalegum og að þessum rýmum sé vel við haldið.
- b) Skrá skal niðurstöður slíks eftirlits og þær aðgerðir sem gripið er til í því skyni að laga hvers kyns ágalla sem kunna að hafa komið fram og skulu þær liggja frammi til skoðunar.

## FRÁVIK

79. Lögbært yfirvald má, að höfðu samráði, heimila frávik frá ákvæðum þessa viðauka til þess að taka tillit, án mismununar, til hagsmuna fiskimanna, að því er varðar mismunandi og sérstök trúarbrögð og félagslega siði, að því tilskildu að slík frávik hafi ekki í för með sér að öll aðstaða verði óhagstæðari en ef þessum viðauka hefði verið beitt.